

Eineltisáætlun

Í Snælandsskóla hefur verið unnið eftir áætlun Olweusar gegn einelti frá árinu 2002. Skilgreining Olweusar á einelti er þegar einstaklingur verður aftur og aftur fyrir neikvæðu og óþægilegu áreiti eins eða fleiri og á erfitt með að verja sig þar sem samskiptin sem einkennast af ákveðnu ójafnvægi aflsmuna eða annars valds.

Einelti getur verið beint einelti og óbeint einelti. Með beinu einelti er átt við einelti með höggum, spörkum, blótsyrðum, niðurlægjandi og háðslegum athugasemdum. Með óbeinu einelti er átt við að maður verði útilokaður frá félagahópnum, verði fyrir illu umtali eða að aðrir komi í veg fyrir að maður eignist vini. Einnig er rafrænt einelti hluti af óbeinu einelti.

Mikilvægt er að grípa inn í ef grunur er um einelti en það er ekki síður mikilvægt að gera greinarmun á einelti sbr. skilgreiningu hér að ofan og svo samskiptavanda. Skólinn leggur sig einnig fram við að leysa samskiptavanda milli nemenda þó að skrefum eineltisáætlunar sé þá ekki fylgt.

Olweusaráætlunin byggist á ákveðnum meginreglum sem miða að því að bæta það félagslega umhverfi sem er í skólanum og skapa jákvætt skólaumhverfi.

Megininntak Olweusaráætlunarinnar er fræðsla. Allt starfsfólk skólans fær reglulega fræðslu um hvað einelti er og hvernig bregðast skuli við ef upp kemur einelti. Árlega er lögð fyrir könnun á stöðu eineltis í skólanum og eru niðurstöður kynntar fyrir starfsfólki, foreldrum og nemendum. Nemendur frá fræðslu um hvað felst í hugtakinu einelti og afleiðingar þess. Bekkjarfundir eru haldir reglulega þar sem meðal annars er rætt um samskipti og einelti. Bekkjarfundir eru hugsaðir til að styrkja bekkjarbraginn og efla samkennd meðal nemenda.

Við leggjum áherslu á að nemendur og foreldrar treysti sér í að leita til starfsmanna skólans ef grunur leikur á að einelti eigi sér stað. Olweusarverkefnið hefur gefið út handbók fyrir foreldra þar sem er að finna upplýsingar um hvað sé einelti og hvernig bregðast skuli við því. Þeir foreldrar sem ekki eiga slíka handbók geta nálgast hana á skrifstofu skólans eða skoðað hana hérna: <https://olweus.is/wp-content/uploads/2013/11/Einelti.pdf>.

Meðferð eineltismála

1. stig – tilkynning.

Tilkynning getur borist frá nemanda, foreldri eða starfsmanni skólans. Um leið og tilkynning berst fær eineltisteymið hana í hendur og umsjónarkennari fer í að kanna málið.

2. stig – könnun.

Umsjónarkennari ræðir við þolanda, meinta gerendur, leitar upplýsinga hjá starfsfólki og öðrum nemendum og ræðir við foreldra ef tilefni þykir til.

3. stig – staðfestur grunur.

Ef grunur er staðfestur þá eru allir sem umgangast barnið virkjaðir og uppfræddir. Unnið með samskipti milli einstaklinga sem eiga í hlut auk annarra nemenda ef þess er þörf

4. stig – framhalds viðtöl.

Ef eineltið stoppar ekki þrátt fyrir viðtöl, fræðslu og eftirlit eru framhalds viðtöl tekin við alla sem hlut eiga að máli. Ráðstafanir gerðar með foreldrum allra hlutaðeigandi.

5. stig – vísað til nemendaverndarráðs sem getur ákveðið að óska eftir aðstoð frá menntasviði Kópavogs eða Landsteymi eineltismála.

Eineltisteymi Snælandsskóla skólaárið 2024-2025:

Kjartan Örn Haraldsson, aðstoðarskólastjóri

Kristín Pétursdóttir, deildarstjóri

Kallý Jónsdóttir, námsráðgjafi